FUNDARGERÐ 3. FUNDAR STJÓRNAR GOLFKLÚBBS SELFOSS 2020

Fundardagur: 5.03.2020
Tími: 19:30-21:00
Fundarstaður: GOS Höllin, Svarfhólsvegi 1

Viðstödd:
Páll Sveinsson, formaður
Bjarki Már Magnússon, varaformaður
Helena Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Ástfríður M. Sigurðardóttir
Vignir Egill Vigfússon
Svanur Bjarnason, ritari
Hlynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri

Fjarverandi:
Halldór Ágústsson Morthens

Málefni sem voru rædd:

1. **Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.**
2. **Golfbox.** Nýi vefurinn er tilbúinn. Hlynur sýndi helstu aðgerðir. Líst vel á. Nokkuð hefur verið um símtöl og fyrirspurnir vegna byrjunarörðugleika hjá klúbbfélögum.
3. **HSK þing, verður haldið fimmtudaginn 19. mars á Hvolsvelli.** Helena og Páll fara ásamt einum til. Páll finnur þriðja aðila til að fara með.
4. **Nýtt nafn á golfvöll.** Bjarki viðraði hugmyndir um breytingar á nafni golfvallarins og enskt heiti. Til athugunar að halda könnun meðal félagsmanna hvort vilji er fyrir því.
5. **Golfbílageymslan** er tilbúin að innan. Tveir bílar og snjósleði komnir inn. Von á tveimur golfskutlum í eigu félagsmanna. Þegar veður lagast verður farið í að endurnýja fúið timbur í golfbitum og klæðning að utan endurnýjuð. Búið að selja gamla settagáminn og flytja aðra að vélageymslunni. Stefnt að því að byggja óeinangraða geymslu norðan við húsið. Myndi nýtast sem settageymsla á sumrin og geymsla fyrir bekki og ýmsan útbúnað yfir veturinn.
6. **Árshátíð GOS 2020.** Verður haldin 14. mars. Enn eru nokkrir miðar lausir. Páll ræðir við formann félaganefndar um hvort óskað er eftir aðstoð stjórnar við undirbúning. Páll boðar þá stjórnarmenn ef á þarf að halda.
7. **Golfakademía.** Páll og Hlynur fóru á fund í FSU til að ræða stofnun golfakademíu. Undirtektir þar voru góðar og er stefnt er að því að bjóða upp á það næsta haust ef næg þátttaka fæst. Lágmarksfjöldi er um 10-12 einstaklingar. Krafist verður lágmarks forgjafar. Páll og Hlynur halda áfram með málið.
8. **Önnur mál.**
   - **Börn og unglingar undir 18 ára.** Fækkun er í þessum hópi milli ára og vantar meiri nýliðun. Mikil samkeppni er við aðrar greinar. Huga þarf að því að draga þennan hóp inn í starfið. Ýmsar hugmyndir ræddar og verður áfram í umræðunni. Allir sammála um að gera ráðstafanir til að hvetja þennan hóp til að byrja í golfi.
   - **Konur í golfi.** Rætt um hvernig fjölga má konum í klúbbnum og hvernig hægt er að efla það starf. Bjarki heldur áfram með málið.
   - **Rætt um sumarstarfsfólk.** Lítill áhugi hefur verið fyrir auglýsingu um störf í golfskála.

Fleira ekki gert, fundi slitið.
sb